

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eiðum 31. ágúst 1888.

1. gr.

Sýslunefndirnar í Múlasýslunum kjósa 3 menn í stjórn búnaðarskólans á Eiðum og 1 mann til vara. Þeir skulu vera kjörgengir í sýslunefnd og gildir kosning þeirra um 3 ár í senn. Stjórn skólans kýs sjálf formann sinn. Nú gengur einhver úr stjórn skólans á kjörtímabilinu fyrir forföll, eða ef sæti hans verður autt fyrir aðrar sakir, og skal þá kjósa annan mann í stað hans.

2. gr.

4. gr. í reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eiðum frá 11. des. 1888, er úr gildi numin.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. sept. 1902.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndirnar í Múlasýslunum hafa komið sjer saman um og amtsráðið í Austuramtinu samþykkti á fundi sínum 28. júní þ. á., staðfestist hjermeð.

Reykjavík, 1. ágúst 1902.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.
Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

fyrir Húnavatnssýslu um lækningu hunda af bandormum.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af hreppsnefnd 1—3 menn til að hafa á hendi og framkvæma lækningu hunda af bandormum.

Enginn, sem öðrum er óháður, getur skorast undan þeim starfa 3 ár í senn, en þá má hann vera laus næstu 3 ár.

2. gr.

Hreppstjóri í hverjum hreppi skal hafa bók, löggilta af sýslumanni er borgist af sýslusjóði; skal hann á ári hverju rita í hana skrá yfir hundaeigendur og tölu hunda þeirra, svo og tölu þeirra hunda sem lækningamenn gefa skýrslu um að þeir hafi haft til lækninga frá hverjum einum, en skýrslu þessa skulu þeir skyldir að hafa sent hreppstjóra fyrir miðjan desembermánuð. Fyrir hver árslok skal hreppstjóri senda sýslunefndinni skýrslu samhljóða bókinni.

3. gr.

Skyldur skal hver hundeigandi að hafa helsei á hundum sínum, er á sje grafið nafn heimilisins. Rjettdræpur er hver fullorðinn hundur, sem eigi ber helsei utan heimilis síns.